

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/667****2023/EES/79/56**

frá 22. mars 2023

**um leyfi til að setja á markað þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu. Á grundvelli skilgreiningarinnar sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 teljast hefðbundin matvæli frá þriðja landi vera nýfæði.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(2)</sup>.
- 3) Hinn 26. mars 2020 lagði fyrirtækið Kawanashi Sehat Dasacatur, PT (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um þá fyrirætlun sína að setja þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. („Kenari“) á markað Sambandsins sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi. Umsækjandinn óskaði eftir því að viðkomandi matvæli yrðu notuð sem slik eða þeim bætt við sem innihaldsefni í korn- og brauðvörur, sælgæti, nasl og tilbúna rétti sem eru ætluð fyrir almenning.
- 4) Tilkynningin er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2283. Gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna einkum fram á að þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. hafi reynst öruggar til notkunar sem matvæli á Mólúkkaeyjum (e. Spice Islands) í Indónesíu.
- 5) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 13. júní 2022.
- 6) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja viðkomandi matvæli á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan tímabilsins sem er fastsett í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 7) Hinn 11. nóvember 2022 birti Matvælaöryggisstofnunin „Technical Report on the notification of dried nuts of *Canarium indicum* L. as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283“ <sup>(3)</sup>. Í þeirri skýrslu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þeirri niðurstöðu að fyrirbyggjandi gögn um samsetningu og reynslu vegna umbeðinnar notkunar á þurrkuðum hnetum af tegundinni *Canarium indicum* L. skapi ekki öryggisvanda.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 84, 23.3.2023, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

<sup>(3)</sup> EFSA supporting publication 2022:EN-7640.

- 8) Í skýrslu sinni greindi Matvælaöryggisstofnunin einnig frá því, á grundvelli takmarkaðra, birtra gagna um fæðuofnæmi sem tengist hnetum af tegundinni *Canarium indicum* L., að búast megi við ofnæmisviðbrögðum eftir neyslu á hnetum af tegundinni *Canarium indicum* L. Rannsóknir sýndu einkum vixlsvörun milli hneta af tegundinni *Canarium indicum* L. og heslihneti, kasúhneta og pistasíuhneta. Mikilvægt er að upplýsingar um tilvist matvæla, sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum, séu veittar á skýran hátt til að gera neytendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir sem eru öruggar fyrir þá. Því er rétt að hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. sem eru gerðar aðgengilegar neytendum séu merktar á viðeigandi hátt í samræmi við kröfur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og með skírskotun til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 <sup>(4)</sup>.
- 9) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu þurrkaðra hneta af tegundinni *Canarium indicum* L. á markað sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði til samræmis við það.
- 10) Færa ætti þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

- 1) Leyft er að setja þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. á markað innan Sambandsins.  
Þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. skulu færðar sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 2) Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

---

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Þurrkaðar hnetur af tegundinni <i>Canarium indicum</i> L. (Kenari) (heföbundin matvæli frá þriðja landi)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi (g/100 g)</i>	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „þurrkaðar kenarihnetur ( <i>Canarium indicum</i> )“. 2. Á merkimiða matvæla sem innihalda þurrkaðar hnetur af tegundinni <i>Canarium indicum</i> L. skal vera yfirlýsing þess efnis að hneturnar geti valdið ofnæmisviðbrögðum hjá neytendum sem eru með þekkt ofnæmi fyrir heslihnetum, kasúhnetum og pistasuhnetum. Þessi yfirlýsing skal birtast nálægt listanum yfir innihaldsefni eða, ef listi yfir innihaldsefni liggur ekki fyrir, nálægt heiti matvællanna.“	
	Ekki tilgreint			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
<p>„Þurrkaðar hnetur af tegundinni <i>Canarium indicum</i> L. (Kenari) (heföbundin matvæli frá þriðja landi)</p>	<p><b>Lýsing/Skilgreining:</b>  Heföbundnu matvælin eru unnar þurrkaðar kenarihnetur. Heitið „Kenarihnetur“ vísar til kjarna þroskaðra kenarialdina, þekkt undir vísindaheitinu <i>Canarium indicum</i> L. (eða <i>Canarium amboinense</i> Hochr., ætt: Burseraceae).</p> <p><b>Samsetning:</b>  Aska: ≤ 5 (g/100 g)  Raki: ≤ 6 (g/100 g)  Prótín: 12,8–14,4 g/100 g  Kolvetni: 11,0–16,4 g/100 g  Fita: 59,3–66,3 g/100 g  Fæðutrefjar: 4,4–9,8 g/100 g</p> <p><b>Örverufræðilegar viðmiðanir:</b>  Fjöldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 5,0 × 10<sup>3</sup> CFU/g  Kólibakteriur: &lt; 3 MPN/g  E. coli: &lt; 3 MPN/g  Ger- og myglusveppir: &lt; 10 CFU/g  <i>Salmonella</i>: Greinist ekki í 25 g  <i>Staphylococcus aureus</i> (greinist ekki/25 g)  <i>Listeria monocytogenes</i> (greinist ekki/25 g)  <i>Aflatoxín</i>  Aflatoxín B1: ≤ 2 mcg/kg  Aflatoxín (summa B1, B2, G1, G2): ≤ 4 mcg/kg  <i>Dioxín og díoxínlik PCB-efni</i>  Summa díoxína: ≤ 0,75 pg/g fitu  Summa díoxína og díoxínlikra PCB-efna: ≤ 1,5 pg/g fitu  <i>Þungmálmar</i>  Kadmíum (Cd): ≤ 0,02 mg/kg  Blý (Pb) ≤ 0,07 mg/kg  CFU: Þyrpingamyndandi einingar“</p>